



Knattspyrnudeild UMFN
Gylfi Þór Gylfason, formaður

Reykjavík, 8. október 2020

Úrskurður: Ósæmileg opinber ummæli þjálfara Njarðvíkur, mál nr. 10/2020

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 6. október 2020 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 30. september 2020, í samræmi við 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði opinber ummæli sem þjálfari mfl. karla hjá Njarðvík, Mikael Nikulásson, viðhafði í hlaðvarpsþættinum „*Helgaruppgjör Dr. Football – Loksins ákvörðun gegn KR-ingum – Gau Siglir Ólsurum í örugga höfn*“, frá 28. september 2020. Var um að ræða opinber ummæli sem eru ósæmileg að mati framkvæmdastjóra og með þeim hafi álit almennings á íþróttinni og starf knattspyrnuhreyfingarinnar rýrt.

Ummælin eru eftirfarandi:

„Þetta er 100% tveggja leikja bann. [...] Ég mun brenna Laugardalinn persónulega sjálfur ef hann fær ekki tveggja leikja bann, það er bara þannig. Mér er alveg sama, mér er alveg sama, málið er það að Framararnir, ég er náttúrulega gamall Framari, þá bara fer ég með þeim í það. Að sjálfsögðu er þetta tveggja leikja bann.“

Greinargerð framkvæmdastjóra var send til Mikael Nikulássonar og knattspyrnudeildar Njarðvíkur og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 6. október 2020 lá fyrir greinargerð, sem barst nefndinni þann sama dag frá knattspyrnudeild Njarðvík og Mikael Nikulássyni, þar sem fram kemur að knattspyrnudeild UMFN og Mikael Nikulásson forláti ummælin. Þau hafi verið viðhöfð í kjölfar umræðu í tengslum við leikbönn vegna höggva sem leikmenn hefðu orðið fyrir. Ummælin hafi verið sögð í háði en ekki til þess að rýra álit almennings á íþróttinni.

Að framangreindu virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli, sem þjálfari mfl. karla hjá Njarðvík viðhafði í fyrrgreindum hlaðvarpsþætti, hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummælin undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.e), hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Í samræmi við ákvæði 5.10 í lögum KSÍ skal sérhvert aðildarfélag bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ. Með vísan til þess ákvæð

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 8. október 2020 að sekta knattspyrnudeild Njarðvíkur um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla þjálfara mfl. karla hjá félaginu.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson